

Kerlingin með kúgarann í kjallaranum

Þar heitir á Hálogalandi. Fyrir nokkrum árum féll í því „landi“ dómur, sem þótti eftirtektarverður. Réttað var í máli látins karls, fjölskylduföður frá Búðarey (Bodö), sem er höfuðstaður Norðurlandsfylkis í Noregi. Þar um slóðir virðast skjaldmeyjar enn lifa góðu lífi.

Norska kvöldpóstinum (Aftenposten) segist svo frá: „Héraðsdómstóli í Hálogalandi þótti á það færðar sönnur, að eiginkarlinn hefði árum saman orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, ógnandi hátterni og andlegri misnotkun. Ár á ár ofan var karl rekinn niður í kjallarastofu. Þar hafði hann ekki aðgang að baði, salerni og eldhúsi.“

Skjaldmær þessi á áttæðisaldri, eiginkona karls og móðir þriggja barna þeirra – og amma – var vissulega hörð í horn að taka. Jafnaðarlega fékk hún fólkskuköst. Þegar svo bar undir rústaði hún húsinu og réðist að karli sínum.

Dóttirin segir, að móðir hennar hafi pyntað þau í fjóra áratugi. Hún varð m.a. vitni að því, þegar móðir hennar skar föðurinn í handlegginn með hnífi. Meðan blóðið fossaði hótaði kerla að stúta karli. Hún gekk berserksgang froðufellandi og barði hann með hverju því, sem hönd á festi. Slíkar uppákomur voru venjulegar.

Í bílskúrnum geymdi hann mat og hafði með sér lyfin sín, hvert sem leið hans lá. Að öðrum kosti hefði hún getað neitað honum um lyfin, en líf hans lá við. Það hafði hún reyndar gert. Persónulegan póst lét hann senda á annað pósthfang.

Einu sinni datt karli í hug að vera viðstaddur fermingu barnabarnsins. En kerling greip þá til þess ráðs að mála yfir glugga bifreiðarinnar, svo karl komst hvergi.

Hin ákærða neitaði öllum sakargiftum, sagði karl sinn hafa borið lygar í börnin, sem öll vitnuðu gegn henni. Dóttirin segir móður sína hafa fengið makleg málagjöld; þriggja ára fangelsisvist. Hæstiréttur hafnaði áfrýjun málsins.

Því má svo við bæta, að tveim árum, áður en til réttarhalda kom, hafði frúin snúið sér til lögreglu með beiðni um, að karlinn yrði fjarlægður af heimilinu.

<https://www.nrk.no/nordland/-mishandlet-ektemannen-i-40-ar-1.8138189>